

## Maðurinn frá Patagoníu

Skömmu fyrir heimsstyrjöldina miklu bjó í Grindavík maður sem drakk sig stundum fullan. Hann rölti þá gjarna niður að sjó, breiddi út faðminn og hrópaði:

Ég er maðurinn frá Patagoníu sem fer með friði!

Á þessum árum kom stundum heim til okkar með rútunni klukkan átta að kvöldi kona með einkennilegt sjál á herðun sem mun hafa verið poncho. Meðan hún borðaði rakti hún jafnan fyrir okkur hvernig fjárræktinni væri í Patagoníu. Ég vissi hvar það landsvæði var á kortinu enda skylt að vita jafn mikið í landafræði og hvar á himnum Guð ætti heima.

Konan hét Hlín. Sagt var að eftir að hún varð ekkja hefði hún fengið uppljómun, séð sýn og ákveðið að snúa aftur til Íslands. Hún kom þess vegna alla leiðina frá Argentínu til að annast skáldið Einar Benediktsson.

Nú lá fyrir henni að fara til Herdísarvíkur sem er langt austan við Grindavík, svo hún þurfti að ganga alla nóttina og vera komin um dagmál á réttum tíma til að gefa mesta skáldi Íslands morgunverðinn sinn.

Fyrir konuna var yfir mikinn fjallveg að fara, úfið hraun og eyðilega heiði svo hún þurfti að fara í áföngum og fá heitt ofan í sig hjá ömmu sem bjó næstum miðja vegu milli Grindavíkur og Herdísarvíkur. Þangað var tveggja tíma ganga. Ég fylgdi konuni yfir fyrstu fjöllin og við komum til ömmu rétt fyrir miðnætti. Síðan átti Olli frændi, sonur ömmu að taka við henni, lyfta á bikkjuna og teyma undir henni fram með næstu fjöllum og síðan yfir lengstu heiðina.

Meðan konan raðaði í sig sagði hún frá fénu í Patagoníu.

Sauðirnir þar eru feitir og eitthvað fyrir þig, Olli, sagði hún og vissi að hann var svo mikið fyrir feitt rollukjöt að allir sögðu, ef það var því líkt spik að þeim lá við að gubba:

Nú vildi ég að þetta væri komið upp í gogginn á honum Olla.

Stundum heyrðist hjá manningnum sem fór á fyllir og hrópaði á móti hafi, að í Patagoníu væru ekki bara að finna feitar kindur sem skoskættaðir bændur ræktuðu heldur mikið af stjórnleysingjum og kommúnistum af þýsku bergi brotnir. Ekki fannst fólki þetta fara vel saman og síður annað sem hann sagði, að flugrík argentínsk kona hefði siglt til Evrópu til þess að láta Picasso flúra hamar og sigð á öxlina á sér. Þannig ögraði hún Perón og einræði hans í flegnum kjól á gæsilegum dansleikjum. En hún komst upp með hamarinn og sigðina vegna auðæfanna. Glæsikonan var svo moldrík að þegar hún sigldi til Evrópu á skemmtiferðaskipum hafði hún jafnan með sér í lestinni kú af Holsteinkyni, svo hún fengi alltaf nýmjólk í morgunkaffið.

Ég bar söguna eitt sinni undir rithöfundinn Julio Cortázar sem brá sér undan og sagði bara:

Þetta hefur aðeins getað verið Victoria Ocampo.

Árið 1956, þegar ég kom fyrst til Barcelona, sat ég oft með spænskum skáldum á kaffihúsi sem stjórnleysingi og kaþólskur maður ráku og seldu bækur sem voru bannaðar af einræði Francos. Eitt sinn fór ég í afhverbergið þeirra og fann þar litla bók um germanskar bókmenntir eftir Borges og konu sem ég man ekki lengur hvað hét. Ég kannaðist við Borges og hafði lesið á ensku sögu sem Harriet de Onís þýddi, eiginkona Federico de Onís sem kom fyrstur manna fram með hugtakið póstmóðernismi. Ég spurði skáldin nánar um Borges en enginn hafði heyrt Borges getið nema Jaime, sonur skáldsins Pedro Salinas sem hafði dálæti á verkum hans.

Löngu seinna þegar Juan Marichal, tengdasonur Pedro Salinas var prófessor við Harvardháskóla og Borges hélt þar röð fyrirlestra, lét hann í ljós áhuga sinn á Íslendingasögunum.

Í framhaldi af samræðunum kom Borges til Íslands. Ég var þá farinn að þýða verk hans og annarra suður-amerískra skálda og mér var oft í huga maðurinn sem hafði breitt ölvaður út fadminn og hrópaði á móti endaleysinu þegar ég var barn:

Ég er maðurinn frá Patagoníu og fer með friði.

Á þessu ári fer Argentína sem boðsgestur frá Bókamessunni í Frankfurt og á því næsta tekur Ísland við.

Friður sé með þeim sem fara og koma til Frankfurt.